

Údráttur úr greiningaskýrslu FsS um vinnslu skógarafurða

28. mars 2018

121 lögbýli eru í dag með gildandi skógræktarsamninga við Skógræktina á rúmlega 10 þúsund hekturum á Suðurlandi, en þar eru ekki taldir með þeir sem einungis rækta skjólbelti. 203 félagsmenn eru í Félagi skógareigenda á Suðurlandi. Samtals hefur 12.843.980 trjáplöntum verið plantað á Suðurlandi á árunum 1997-2016. Skv. viðarmagnsspá hafa safnast upp um 18.000 rúmmetrar af grisjunarviði í sunnlenskum skógum. Á næstu árum bætast 3-4.000 rúmmetrar árlega. Þetta skapar grundvöll til að hefja vinnslu skógarafurða úr sunnlenskum skógum. Þessu til viðbótar falla til um 1.000 rúmmetrar af hreinum við í gámasvæðum sveitarfélaga sem ætlunin er að nota í vöruframleiðslu.

Nú stendur til að stofna hlutafélag og hefja starfsemi á árinu 2018. Vinnslan verði staðsett á Suðurlandi. Ætlunin er að safna í heildina um 100.000.000 kr. í hlutafé yfir nokkra mánaða tímabil og verður lágmarks eignarhlutur lögaðila 500.000 kr. Hlutirnir verða því alls 200.

Ætlunin er að framleiða eftirfarandi vörutegundir; undirburð undir búfenað, smíðavörur (klæðningarefni o.fl.), eldivið, kurl í stíga, beð og reiðskemmur, girðingastaura og að taka þátt í rannsóknum og þróun innan lífhagkerfisins sem miðar að hámarkun arðs fyrir hráefnið. Auk áðurnefnds verður selt kurl efni til íslenskrar stóriðju til brennslu.

Flutt voru inn 3.877 tonn af undirburði á árinu 2016 og virði hvers tonns um 28.000 kr. Flutt voru inn 117 tonn af eldiviði sem samsvarar 26.000 kr. á tonnið. Annað viðarkurl, sem a.ö.l. er nýtt til brennslu á Grundartanga, var 29.140 tonn og hvert tonn að virði 8.500 kr.

Félagið stefnir fyrst og síðast á Íslandsmarkað. Undirburður verður framleiddur 5-6 daga vikunnar allt árið. Ætlunin er að bjóða upp á úrvals klæðningarefni á hús og annað byggingarefni. Eldiviður yrði seldur allt árið um kring. Trjákurlesefni yrði komið til kaupanda á haustin og veturna þegar grisjun á sér stað, en kurl í stíga og beð safnað upp á lager á vorin og selt yfir sumarið. Girðingastaurar yrðu framleiddir á lager yfir veturinn.

Rekstraráætlun

Lagt er upp með að hráefnið nýtist með þessum hætti til að byrja með og byggist rekstraráætlun á því: Kurl til brennslu 56,5%. Undirburður 30%. Kurl í stíga og beð 3%. Byggingarefni 2,5%. Girðingastaurar 3% og eldiviður 5%.

Miðað við þær forsendur sem farið er eftir ættu tekjur umfram gjöld á fyrstu 12 mánuðum að geta numið nokkrum tugum milljóna. Ráðgert er að fjárfesta fyrsta árið fyrir að lágmarki 50 milljónir króna í tækjum. Mikilvægt er að hafa fyrirvara á einhverjum tekjuliðum þar sem óvíst er hvernig gangi að koma vörum á markað, m.a. klæðningarefni.

Áætlað er að strax á fyrsta rekstrarári verði þrír starfsmenn í fullu starfi. Gert er ráð fyrir brennslu kurls og barkar til að ná í varma til þurrkunar til að lágmarka rafmagns- og hitunarkostnað. Flutningskostnaður er áætlaður á annan tug milljóna á ári og gert ráð fyrir að fyrstu árin verði þessi þjónusta alfarið keypt í verktöku.

Lagt er upp með að greiða skógarbændum annarsvegar fyrir innlagðar afurðir eftir gjaldskrá og hinvegar fyrir hvern grisjaðan rúmmeter í samræmi við áætlaðan kostnað við grisjun. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður 4% af tekjum.

Fjármögnun

Ekki er gert ráð fyrir langtímalántökum og stendur vilji til að félagið verði fjármagnað í byrjun með hlutafé. Ætlunin er að fjárfesta á fyrsta áratug í rekstri fyrir rúmar 600 milljónir í vélbúnaði og húsnæði. Í árslok 2030 er gert ráð fyrir að félagið eigi rúmar 165 milljónir í handbæru fé, en þá verði þegar búið að greiða skógareigendum samanlagt tæplega 1.000 milljónir króna fyrir innlagðar afurðir og grisjun á árunum 2018-2030. Eigið fé í lok árs 2013 er áætlað rúmlega 700 milljónir króna og þá er ætlunin að félagið skuldi ekkert.

Töluverðir fyrirvarar eru í áætluninni sem byggja á ýmsum ákvörðunum sem taka þarf þegar reksturinn fer af stað.

Ingvar P. Guðbjörnsson, verkefnisstjóri, tók saman.